

Götóttur ostur

Þessa vinnuaðferð er hægt að nota í upphafi, á meðan eða undir lok þemavinnu með samfélagslegar áskoranir. Hún hentar vel sem fyrsta könnun eða sem leiðbeinandi verkfæri í gegnum allan kennsluþáttinn. Í þessu verkefni munu nemendur æfa sig í að deila eigin hugsun, stjórna tvíræðni, þróa forvitni og æfa virka hlustun.

Til viðbótar við þessar grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar “Að læra með því að hugsa”, “Að læra gegnum samræður og samskipti” og “Að læra gegnum ígrundun og mat”.

Áætluð útkoma

Nemendur eiga að:

- Geta deilt hugsunum sínum
- Geta umborið tvíræðni
- Geta spurt spurninga sem sýna fram á forvitni
- Geta sýnt fram á virka hlustun
- Geta brotið heild niður í smærri parta

Tími

Tímalengd verkefnisins ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið.: Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í verkefnið eru 45 mínútur.


Efni

- Stór pappír/plakat
- Skæri
- 2 blýantar/tússpennar í mismunandi litum

Undirbúningur

- Taktu stórt blað eða plakat
- Skrifaðu niður efnið/samfélagslegu áskorunina sem þú ætlar að vinna með efst á plakatið.
- Teiknaðu stóran ostbita yfir allt plakatið.
- Ekki teikna nein göt til að byrja með.

Vinnuefni – samfélagslegar áskoranir



1 Innlögn

Kynntu samfélagslegu áskorunina, t.d. með því að sýna mynd, lesa ljóð eða sögu, ganga um í skólahverfinu eða leyfa nemendum að fylgjast með einhverju í umhverfinu.

2 Könnun

- Spurðu nemendur hvað þeir vita nú þegar um áskorunina og skrifaðu það niður á ostinn. Passaðu að nota lykilorð eða stuttar setningar. Hafðu nægt autt pláss á milli orða. Þú þarft pláss til þess að gera göt á eftir. Þú getur líka valið að láta nemendur skrifa fyrst niður hugsanir sínar á (stafræna) merkimiða með lími, hvern fyrir sig eða í litlum hópum. Í framhaldi skaltu yfirfara inntakið, leyfa þeim að útskýra hvað þeir skrifuðu og draga saman innlegg allra á ostinum.
- Spurðu nemendur hvaða spurningar þeir hafa varðandi áskorunina. Hvað myndu þeir vilja vita meira um áskorunina sem er ekki á ostinum? Skrifaðu niður þessar spurningar/smærri viðfangsefni í öðrum lit.
- Aftur er hægt að velja um að láta nemendur skrifa niður hugsanir sínar á (stafræna) miða með lími hvern fyrir sig eða í litlum hópum. Farðu síðan yfir það sem nemendurnir skrifuðu niður, leyfðu þeim að útskýra þegar nauðsyn krefur og dragðu saman innleggið á ostinum.
Ef spurningin, eða smærri viðfangsefni, er **stór eða mikilvæg**, teiknaðu þá stóran hring utan um þau. Ef þetta er minniháttar spurning eða viðfangsefni gerirðu lítinn hring.
- Klipptu út hringina. Núna ertu með oststykki með götum.

3 Veldu

- Safnaðu hringjunum saman. Gerðu yfirlit yfir þau viðfangsefni sem hægt er að ræða frekar með því að setja alla litlu hringina saman á töfluna í hóp og þá stóru saman í annan hóp.
- Nú eru nokkrir möguleikar í stöðunni:

Valkostur A

Vinnuefni – samfélagslegar áskoranir

- Þú ræðir viðfangsefni stóru hringjanna í næstu kennslustundum og finnur það/svarar því sem stendur í litlu hringjunum á milli kennslustunda eða í upphafi eða lok dags.
- Hengdu ostinn á vegginn og settu hringina við hliðina á. Um leið og svar fæst við hring skaltu fylla gatið með hringnum.

Valkostur B

- Leyfðu nemendum að finna tengsl milli viðfangsefna mismunandi hringa (stórir og smáir). Þannig er hægt að búa til klasa.
- Þú ákveður í samvinnu við nemendur hvað þið ætlið að vinna frekar með. (Þú getur notað vinnuaðferðina „Píramídan“ til þess).
- Spurðu nemendur hvernig þeir geta fundið meiri upplýsingar um þessa hringi. Skrifðu niður svör þeirra eða láttu þá skrifa niður hugmyndir fyrir hvern hring á (stafræna) merkimiða með lími, hver fyrir sig eða í litlum hópum.
- Þú getur notað þessa aðferð sem innblástur fyrir komandi kennslustundir. t.d.:
 - o Fyrir litlu hringina: þú getur skipt þeim í litla hópa. Hver hópur reynir að finna svar við viðfangsefni á einum af litlu hringjunum (veljið eitt í staðinn eða látið þá velja eina sjálfir).
- Hengdu ostinn á vegginn, með hringjunum við hliðina á. Um leið og svar fæst við hring skaltu fylla gatið með hringnum.

4 Fáðu fjölskylduna með!

- Leyfðu börnunum að velja einn af litlu hringjunum. Láttu þá spyrja foreldra sína hvað þeir vita um viðfangsefnið í hringnum.
- Daginn eftir segja þeir frá, í bekknum, eða þú biður þá um að skrifa niður niðurstöður sínar á blað eða á netinu eða búa til stutt myndband, teikna, og svo framvegis.

5 Ígrundun

- Hvað bað ég þig um að gera?
- Hvernig var að hugsa um það sem þú veist og það sem þér leikur forvitni á varðandi þessa samfélagslegu áskorun?
- Hvers vegna var þessi æfing gagnleg?
- Hvernig tilfinning var að velja annan hring?